

Erró sjötugur:

Heilsteyptur og lífsglaður

AFMÆLI Meistari Erró er sjötugur í dag. Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, segir enga sérstaka dag-skrá í tilefni dagsins, en frá áramótum hefur staðið yfir sýning á verkum Errós í safninu undir yfirskriftinni Erró og listasagan. „Hins vegar er í gangi undirbúningur að veglegri útgáfu af ferli listamannsins og við vonumst til að ritid geti séð dagsins ljós seint á þessu ári eða snemma á næsta.

ári. Þá var var opnuð lítil sýning í Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjararklaustri á afmælisdegi móður hans, sem hefði orðið hundrað ára í júní, og sú sýning stendur í allt sumar,“ segir Eiríkur. En hvað kemur Eiríki helst í hug þegar minnst er á Erró? „Erró er mjög lífsglaður og heilsteyptur maður sem hefur veitt birtu og skemmtan inn í ævi þeirra fjölmörgu sem hann hefur kynnst á lífsleiðinni. Hann hefur lagt sitt



ERRÓ OG LISTASAGAN
Listamaðurinn breytir listasögunni eftir „behag“.

af mörkum til að létta mönnum lund og gera lífið skemmtilegt,“ segir Eiríkur.

Listamaðurinn dvelur um þessar mundir í sumarhúsi sínu á eyjunni Formantera. ■

Nýtt verslunar- og íbúðarhús: Stjörnubíó verður rífið

BORGARMÁL Ráðgert er að byggja fjögurra hæða verslunar- og íbúðarhús þar sem nú er Stjörnubíó. Þrjár fyrstu hæðirnar eru ætlaðir undir verslunarstarfsemi en fjórða hæðin verður inndregin og þar er gert ráð fyrir íbúðum. Undir byggingunni er gert ráð fyrir bílageymslukjallara.

Borgaryfirvöld hafa keypt lóðina af Jóni Ólafssyni fyrir 140 milljónir króna en munu síðar selja byggingarréttinn. Enn er því óvíst hverjir munu reisa húsið og hvenær það verður byggt. ■



AP/WIDE

HUSSEIN

Saddam Hussein gefur aðstandendum þeirra sem framkvæma sjálfsmorðsárásir hundruð milljóna króna.

Saddam Hussein: Fjölskyldur fá pening vegna sjálfsmorðsárása

ERLENT Saddam Hussein, Íraksforseti, hefur gefið fjölskyldum þeirra Palestínumanna sem framið hafa sjálfsmorðsárásir gegn Ísraelum undanfarnin ár hundruð milljóna króna, að því er segir á fréttavef Sky. Hussein hefur á innan við tveimur árum gefið um 200 milljónir króna til slíkra hópa á undanföllum tveimur árum. Peningunum er dreift til aðstandenda á meðan á minningarárathöfnum stendur á Gasasvæðinu fyrir þá sem framið hafa árásirnar. ■

ERLENT

Evrópusambandið frestar líklega því að leggja refsitolla á innflutning frá Bandaríkjunum til þess að gefa bandarískum stjórnmálum meiri tíma til að fara yfir umsóknir frá evrópskum fyrirtækjum um undanþágur frá tollum, sem Bandaríkin lögðu á innflutt stál.

Meint fjármálamisferli Anfinns Kallsbergs, lögmanns Færeyja, frá því á níunda áratugnum gæti orðið til að fella færeysku stjórnina. Einn þingmanna Þjóðveldisflokksins hefur ríftjað málið upp við litla hrifningu Kallsberg og félaga sem hóta stjórnarslitum.

Sameinuðu þjóðirnar greiddu í gær rúmlega 700 milljónir Bandaríkjadala í skaðabætur til fórnarlamba innrásar Íraka í Kúvæt árið 1990. Sameinuðu þjóðirnar hafa haldið eftir fjórðungi af ólúsólutækjum Íraks undanfarnin ár til þess að nota í þessu skyni.

Tollverðir í Cork á Írlandi lögðu í gær hald á 5,2 tonn af tóbaki, sem reynt var að smygla inn í landið. Stærri sendingu hafa tollverðir þar ekki lagt hald á áður, þótt smygl á tóbaki tíðkast þangað í stórum stíl.



Sultartangalón

Opið hús í Vatnsfellsstöð, nýjustu virkjun Íslendinga, föstudag og laugardag kl. 13 til 17

Í Hrauneyjafossstöð, rétt við Vatnsfell, er sýning á tillögum að útilistaverkum við Vatnsfellsstöð og heitt á könnunni.

Verið velkomin!

Um klukkutíma akstur er að Vatnsfelli frá Selfossi, bundið slitlag alla leið.

Af þjóðvegi 1, austan Selfossi, er beygt inn á þjóðveg 30 í átt að Flúðum. Af þeim vegi er beygt inn á þjóðveg 32, Árnes, sem liggur inn í Þjórsárdal og þaðan inn á Sprengisand. Úr Rangárvallasýslu er ekið upp Holta og Landssveit, þjóðveg 26, afleggjari skammt vestan Hellu.



Landsvirkjun

Nánari upplýsingar á www.lv.is